



Íslandshótel hf.

Samstæðuársreikningur
2020

Íslandshótel hf.
Sigtúni 28
105 Reykjavík

kt. 630169-2919

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun óháðs endurskoðanda	3-5
Skýrsla og áritun stjórnar	6-7
Rekstrarreikningur	8
Yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjáryfirlit	11
Yfirlit um sjóðstreymi	12
Skýringar	13-30
Viðauki - óendurskoðaður	31-33

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandshótel hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandshótel hf. fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Íslandshótel hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan.

Við erum óháð Íslandshótelum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Íslandshótelum hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 26 með ársreikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegu aðstæður sem hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19 og þeirrar verulegu óvissu sem ríkir um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun

Endurmat tekjuberandi fasteigna

Bókfært virði tekjuberandi fasteigna nemur 34.368,0 milljónum króna eða um 69% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Tekjuberandi fasteignir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi samkvæmt endurmatsaðferð. Í ljósi stærðar reikningsliðar í efnahagsreikningi og matskenndra forsenda virðismats stjórnenda teljum við endurmat tekjuberandi fasteigna vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Endurmat tekjuberandi fasteigna er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á rekstrarvirði eignanna. Mat á rekstrarvirði eignanna er byggt á sjóðstreymisgreiningu. Eignirnar voru endurmetnar í árslok 2020.

Vísun í skýringu 13 um tekjuberandi fasteignir og mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Við staðfestum tilvist tekjuberandi fasteigna samstæðunnar.

Stjórnendur lögðu fram virðismat sem framkvæmt var á tekjuberandi fasteignum samstæðunnar í árslok 2020.

Við fórum yfir aðferðafræði virðismatsins og hvort breytingar hafi orðið á aðferð milli ára. Við fórum jafnframt yfir helstu forsendur stjórnenda fyrir matinu m.a.:

- Áætlanir stjórnenda sem notaðar eru til grundvallar útreikningi virðismatsins.

- Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna.

Við yfirförum hvort útreikningar virðismats væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort skýringar í ársreikningnum varðandi virðismatið væru viðeigandi.

Við höfum einnig yfirfarið mat stjórnenda á eignfærslum, endurmati og afskriftum tekjuberandi fasteigna og hvort það samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, ófjárhagsleg upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsing. Við fengum skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsingu fyrir áritunardag.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslandshótelu hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegrri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings, aðra staðfestingarvinnu og reikningsskilaráðgjöf.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörð endurskoðandi Íslandshótela hf. á aðalfundi félagsins þann 30. mars 2020. Deloitte hefur verið endurskoðandi Íslandshótela hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 2018.

Kópavogur, 16. apríl 2021

Deloitte ehf.

Ingvi Björn Bergmann
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Íslandshótel er hlutfélag og er tilgangur félagsins hótél- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi. Samstæða félagsins samanstendur af móðurfélaginu, Íslandshótel hf. og sjö dótturfélögum.

Samstæðuársreikningur Íslandshótela hf., er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum í lögum um ársreikninga þar sem við á.

Tap af rekstri félagsins nam 2.158,6 millj.kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Bókfært eigið fé í árslok nam 17.388,9 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri vekja athygli á að eignir voru endurmetnar sérstöku endurmati í árslok og vísa í skýringu 13 í ársreikningi til frekari skýringa.

Á árinu störfuðu 368 starfsmenn hjá félaginu miðað við heilsársstörf. Launagreiðslur námu samtals 2.461,2 millj.kr. og launatengd gjöld samtals 535,5 millj.kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2021, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 643,6 millj.kr. í árslok, en þar af voru 50,0 millj.kr. í eigu félagsins. Útstandandi hlutfé félagsins um áramót nam því 593,6 millj.kr. Virkir hluthafar voru þrír í upphafi árs, sem er sami fjöldi og í lok ársins.

Hluthafar í árslok eru:	Eignarhluti
ÓDT Ráðgjöf ehf.	75,21%
S38 slhf.	24,20%
Ólafur D. Torfason	0,59%

Kynjahlutföll í stjórn félagsins í árslok voru þannig að 40% stjórnarmanna voru konur og 60% karlar. Í framkvæmdastjórn félagsins var hlutfallið 33% konur og 67% karlar og meðal starfsmanna var hlutfallið 56% konur og 44% karlar. Umfjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsingu er í viðauka með ársreikningnum.

Á árinu var unnið að framkvæmdum við hótélbyggingu í Lækjargötu í Reykjavík og stækkun Fosshótel Stykkishólms og Fosshótel Reykhólts.

Ljóst er að útbreiðsla kórónufaraldurins Covid-19 hefur haft veruleg og óvænt áhrif á efnahagskerfi alls heimsins, svo ekki sé talað um ferðapjónustuna. Afkoma og rekstur Íslandshótela markast af þeim aðstæðum og þeirri óvissu sem enn ríkir. Ferðatakmarkanir eru enn í gildi og ekki er hægt að spá fyrir um hvenær eftirspurn eftir ferðalögum mun komast aftur í eðlilegt horf. Tekjur félagsins hafa dregist verulega saman á milli ára og hefur einungis hluti hótélanna verið opinn frá 1. apríl 2020. Með bólusetningu í upphafi árs 2021 binda menn vonir við að ferðapjónustan geti farið að taka við sér á nýjan leik.

Íslandshótel, hefur gripið til umfangsmikilla mótvægisáðgerða í rekstri sínum til þess að bregðast við aðstæðum eins og uppsögnum starfsmanna, tímabundnum lokunum hótela, frýstingu lána, fengið undanþágu frá lánakvöðum, frestun á greiðslum, endurskipulagningu rekstrar og annarra úrræða. Auk þess hefur félagið tryggt sér fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sínum til þess að mæta útgjöldum næsta árs. Stjórn félagsins vekur athygli á að í verðmatslíkani fasteigna þá eru áhrif heimsfaraldurins metin og leigutekjur lækkaðar.

Stjórn félagsins telur að með þeim áðgerðum og úrræðum sem gripið hefur verið til sé rekstarhæfi samstæðunnar tryggt og samstæðan hafi fjárhagslegan styrk til að takast á við samdrátt í umsvifum á þessum óvissutímum. Sjá nánar skýringu 26.

Skýrsla stjórnar frh.

Fosshótel Reykjavík hefur verið lokað síðan Covid-19 skall á eða frá 1. apríl 2020. Þann 16. mars 2021 gekk dómur héraðsdóms í máli nr. E-2261/2020; Fosshótel Reykjavík ehf. gegn Íþöku fasteignafélagi ehf. og Íslandsbanka. Meginniðurstaða fjölskipaðs dóms var að lækka leigugreiðslur Fosshótel Reykjavík ehf. um helming fyrir tímabilið 1. apríl 2020 til 31. mars 2021. Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað til æðra dómsstigs af aðilum málsins. Fosshótel Reykjavík fékk heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 31. mars 2021. Sjá nánar í skýringu 26.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandshótela hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. apríl 2021.

Stjórn:

Ólafur D. Torfason
stjórnarformaður

Margit Robertet

Bragi Ragnarson

Ásta M. Sívertsen

Eiríkur S. Svavarsson

Davíð Torfi Ólafsson
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur

1. janúar til 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Sala á gistingu og veitingum	6	3.437.429	11.131.401
Aðrar tekjur		156.639	379.618
		<u>3.594.068</u>	<u>11.511.018</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun		(664.284)	(1.714.593)
Laun og launatengd gjöld	7	(1.985.635)	(5.020.333)
Húsnæðiskostnaður	8	(540.589)	(686.719)
Annar rekstrarkostnaður	8	(413.129)	(769.223)
		<u>(3.603.637)</u>	<u>(8.190.868)</u>
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir		(9.569)	3.320.150
Afskriftir og virðisýrnun	9	(1.507.243)	(805.815)
		(1.516.813)	2.514.336
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði			
Fjármunatekjur	10	23.294	69.632
Fjármagnsgjöld	10	(1.204.052)	(1.195.082)
Hrein fjármagnsgjöld		(1.180.758)	(1.125.449)
Áhrif hlutdeildarféлага	14,18	0	(2.059)
		0	(2.059)
		(2.697.571)	1.386.828
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt			
Tekjuskattur	11	542.392	(274.127)
Hagnaður (tap) fyrir hlutdeild minnihluta		(2.155.179)	1.112.701
Hlutdeild minnihlutaæigenda		(3.385)	(3.610)
		<u>(2.158.563)</u>	<u>1.109.091</u>
Hagnaður (tap) á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum	12	-3,64	1,87

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Hagnaður (tap) ársins		(2.158.563)	1.109.091
Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar verða ekki endurflokkaðir í gegnum rekstrarreikning:			
Endurmat fasteigna og lóða	13	518.968	1.890.000
Tekjuskattur af endurmati fasteigna og lóða	11	(103.794)	(378.000)
Önnur heildarafkoma fyrir hlutdeild minnihluta		415.174	1.512.000
Önnur heildarafkoma		415.174	1.512.000
Heildarafkoma ársins fyrir hlutdeild minnihluta		(1.740.004)	2.624.701
Hlutdeild minnihlutaeigenda		(3.385)	(3.610)
Heildarafkoma ársins		(1.743.389)	2.621.091

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir.....	13	39.258.690	37.939.003
Verk í vinnslu.....	15	1.184.353	1.153.907
Áhöld, tæki og búnaður.....	13	1.189.078	1.212.304
Óefnislegar eignir.....	13	38.661	58.419
Leigueignir.....	22	7.072.923	7.270.454
Eignarhlutar í öðrum félögum.....	14	1.290	961
Tekjuskattsinnæign.....	11	147.991	4.284
Fastafjármunir		<u>48.892.986</u>	<u>47.639.332</u>
Birgðir		30.569	74.542
Viðskiptakröfur	16	80.620	479.472
Kröfur á tengda aðila	23	42.823	52.638
Aðrar eignir og skammtímakröfur		179.718	62.409
Handbært fé	17	432.659	2.055.974
Veltufjármunir		<u>766.388</u>	<u>2.725.035</u>
Eignir samtals		<u>49.659.374</u>	<u>50.364.367</u>
Eigið fé			
Hlutfé	18	593.649	593.649
Yfirverð hlutfjár	18	3.080.601	3.080.601
Annað bundið eigið fé	18	11.754.991	11.646.348
Óráðstafað eigið fé	18	1.890.977	3.743.009
Eigið fé hluthafa móðurfélags		<u>17.320.218</u>	<u>19.063.607</u>
Hlutdeild minnihlutaeigenda		68.651	71.266
Eigið fé alls		<u>17.388.869</u>	<u>19.134.874</u>
Skuldir			
Leiguskuldbinding	22	7.033.001	7.117.271
Tekjuskattsskuldbinding	11	3.576.056	3.835.232
Langtímalán	19	18.849.435	17.415.283
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>29.458.492</u>	<u>28.367.786</u>
Viðskiptaskuldir		939.143	540.269
Skuldir við tengda aðila	23	84.899	9.705
Næsta árs afborganir langtímalána	19	431.425	761.566
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	22	341.274	319.426
Skattar ársins	11	0	47.980
Aðrar skammtímaskuldir	20	1.015.271	1.182.762
Skammtímaskuldir		<u>2.812.012</u>	<u>2.861.707</u>
Skuldir alls		<u>32.270.504</u>	<u>31.229.493</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>49.659.374</u>	<u>50.364.367</u>

Eiginfjáryfirlit 31. desember 2020

	Tilheyrir hluthöfum Íslandshóttela hf.						Samtals
	Hlutfé	Yfirverð hlutfjár	Bundið eigið fé			Hlutdeild minni- hlutaeigenda	
Annað bundið eigið fé*			Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé			
2020							
Eigið fé 1.1.2020	593.649	3.080.601	1.144.759	10.501.588	3.743.009	71.266	19.134.874
Heildarafkoma				415.174	(2.158.563)	3.385	(1.740.004)
Afskrifað sérstakt endurmat			(195.161)	195.161		0
Hlutdeild minnihluta í greiðslu arðs frá dótturfélagi						(6.000)	(6.000)
Hagnaður dótturfélaga umfram arðgreiðslur			(111.371)	111.371		0
Eigið fé samtals 31.12.2020	593.649	3.080.601	1.033.389	10.721.602	1.890.977	68.651	17.388.869
2019							
Eigið fé 1.1.2019	593.649	3.080.601	1.039.250	9.157.344	2.871.671	67.657	16.810.173
Heildarafkoma				1.512.000	1.109.091	3.610	2.624.701
Afskrifað sérstakt endurmat			(167.756)	167.756		0
Arður greiddur (0,25 kr. per hlut)					(300.000)		(300.000)
Hagnaður dótturfélaga umfram arðgreiðslur			105.509		(105.509)		0
Eigið fé samtals 31.12.2019	593.649	3.080.601	1.144.759	10.501.588	3.743.009	71.266	19.134.874

*Annað bundið eigið fé samanstendur að lögbundnum varasjóð 160,9 m.kr. (31.12.2019: 160,9 m.kr.) og bundnu eigin fé vegna afkomu dótturfélaga 872,5 m.kr (31.12.2019: 983,8 m.kr).

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins fyrir tekjuskatt	(2.697.571)	1.386.828
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýmun	9	1.507.243	805.815
Hagnaður (tap) af sölu fastafjármuna	(17.964)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.180.758	1.125.449
Hreint veltufé (til) frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(27.533)</u>	<u>3.318.092</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, breyting		43.974	(9.551)
Tengdir aðilar breyting		85.009	0
Skammtímakröfur, breyting		304.540	589.196
Skammtímaskuldir, breyting		19.821	(103.119)
		<u>453.344</u>	<u>476.526</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		425.811	3.794.617
Greiddir skattar			
Greiddir skattar	(48.142)	(147.880)
Innborgaðir vextir		20.776	74.560
Gengismunur		42.293	(30.418)
Greiddir vextir rekstrartengdra skulda	(9.632)	(6.884)
Handbært fé frá rekstri		<u>431.107</u>	<u>3.683.995</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð rekstrarfjármuna	(1.626.705)	(2.138.674)
Eignfærðir vextir	13	(118.070)	(178.705)
Söluverð rekstrarfjármuna		55.773	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(1.689.002)</u>	<u>(2.317.379)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		0	(234.000)
Tekin ný langtímalán		725.461	1.636.905
Afborganir langtímalána	(207.914)	(1.256.628)
Greiddir vextir langtímafjármögnunar	(193.080)	(726.832)
Greiddir vextir leiguskuldbindinga	(322.207)	(354.290)
Afborganir leiguskuldbindinga	(351.276)	(278.622)
Tengdir aðilar, breyting	(16.405)	(80.925)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(365.420)</u>	<u>(1.294.392)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.623.315)	72.224
Handbært fé í ársbyrjun		2.055.974	1.983.749
Handbært fé í lok árs		<u>432.659</u>	<u>2.055.974</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Íslandshótel er hlutafélag og er tilgangur félagsins hótél- og veitingarekstur, fasteignarekstur og önnur skyld starfsemi. Lögheimili félagsins er að Sigtúni 28 í Reykjavík, Íslandi.

Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning móðurfélagsins, Íslandshótel hf., auk dótturfélaga þess, Fosshótel Reykjavík ehf., Helgaland ehf., Suðureignir ehf., Norðureignir ehf., Vestureignir ehf., Höfuðborgareignir ehf. og Aðalstræti 100 ehf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar og til einstakra félaga sem samstæðufélags. Íslandshótel hf. er 75% í eigu ÓDT ráðgjafar ehf. og er því dótturfélag þess. Félagið er hluti af samstæðuársreikningi ÓDT ráðgjafar ehf.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri staðfestu samstæðuársreikninginn með undirritun sinni þann 16. apríl 2021.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningur Íslandshótela hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

b. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

c. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningur byggir á upphaflegu kostnaðarverði nema í eftirfarandi tilfellum:

- Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum eru færðir með hlutdeildaraðferð.
- Fasteignir eru metnar á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um sérstakt endurmat fasteigna í skýringu 13.
- Eignir í sölumæðferð eru færðar á því verði sem reynist lægra af bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt á samræmdan hátt af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

d. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Stjórnendur þurfa að meta og taka sérstakar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðli síns eru háðir mati hverju sinni. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Stærsti matskenndi liðurinn í ársreikningnum tengist endurmati fasteigna samstæðunnar. Fasteignir eru færðar á endurmetnu kostnaðarverði. Breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum aðra heildarafkomu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Samstæðan fékk óháðan matsaðila til að framkvæma virðismat þann 31.12.2020. Sjá skýringu 13 fyrir nánari upplýsingar.

Við ákvörðun gangvirðis er byggt á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt söliverð eigna og uppgreiðsluverðmæti skulda kann að vera frábrugðið þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Aðrir matskenndir liðir í ársreikningi félagsins eru leiguskuldbinding og leigueign sem myndast vegna innleiðingar IFRS 16. Stjórnendur þurfa að gefa sér forsendur varðandi tímalengd samnings sem og afvöxtunarstuðul við útreikning á leiguskuldbindingunni og leigueigninni.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna frh.

f. Meðferð opinberra styrkja

Opinberir styrkir eru færðir í samræmi við leiðbeiningar IAS 20 Skráning opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð. Opinberir styrkir eru skráðir þegar nægjanleg víska er um að samstæðan uppfylli þau skilyrði sem styrkurinn er háður og áreiðanlegt er að styrkurinn fái greiddur.

Tekjutengdir styrkir eru ýmist færðir meðal tekna eða til lækkunar á viðeigandi kostnaði og innleystir í rekstrarreikningi yfir þau tímabil sem um ræðir. Eignatengdir styrkir eru skráðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi eða til lækkunar á bókfærðu verði eignarinnar sem styrkurinn tengist.

3. Innleiðing á nýjum og endurbættum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkningar sem gilda fyrir reikningsskilatímabilið, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkningar í útgáfu sem taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrir. Áhrif annarra staðla, breytinga og túlkana í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi eru að mati stjórnenda engin eða óveruleg fyrir reikningsskil samstæðunnar.

4. Starfsþáttayfirlit

Stjórnendur hafa skilgreint rekstur samstæðunnar sem einn starfsþátt. Samstæðan byggir á rekstri hótela í Reykjavík og hringinn í kringum landið undir merkjum Fosshótela, Grand hótél Reykjavíkur og Hótél Reykjavík Centrum. Hótelin eru þriggja og fjögurra stjörnu hótél og eru flest opin allt árið um kring. Íslandshótel og dótturfélög reka fasteignir samstæðunnar en viðskipti þeirra eru einungis innan samstæðunnar. Öll starfsemi samstæðunnar er á Íslandi.

5. Samrunar, yfirtökur og kaup á félögum

Reikningsskilareglur

Kaupaðferðinni er beitt við kaup á fyrirtækjum í samstæðunni á kaupdegi, þ.e. þegar yfiráð færast til samstæðunnar. Yfiráðum er náð þegar samstæðan er skuldbundin vegna rekstrar félagsins eða getur gert tilkall til breytilegrar afkomu vegna fjárfestingar í félaginu og getur haft áhrif á afkomuna með valdi sínu yfir viðkomandi. Yfirlétt er lítið svo á að meirihluti atkvæða sé forsenda yfiráða.

Samstæðan metur viðskiptavild við kaup sem:

- gangvirði greiðslunnar sem innt er af hendi, að viðbætti
- færðri hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi, að frádregnu
- ef kaupin eru gerð í þrepum, gangvirði þess eignarhlutar sem samstæðan átti áður, að frádregnu
- gangvirði þeirra eigna og skulda sem fylgja með í kaupunum.

Þegar mismunurinn er neikvæður er ávinnungurinn sem fellst í kaupunum tekjufærður í rekstri á kaupdegi.

Kostnaður við viðskiptin er gjaldfærður í rekstri meðal stjórnunarkostnaðar.

6. Rekstrartekjur

Reikningsskilareglur

Samstæðan skráir tekjur þegar yfiráð yfir hinu selda hafa verið flutt til kaupandans. Sölu tekjur samstæðunnar samanstanda af seldri gistingu og veitingum. Tekjur vegna gistingu eru færðar daglega vegna næstliðinnar nætur og tekjur vegna veitinga eru færðar þegar veitingar hafa verið veittar. Aðrar tekjur samstæðunnar samanstanda af tekjum af umboðslaunum, salaleigu og öðrum tilfallandi tekjum, og eru færðar þegar viðkomandi þjónusta hefur verið veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra.

Sala á gistingu og veitingum greinist þannig:

	2020	2019
Seld gisting	2.058.592	7.364.003
Seldar veitingar	1.378.837	3.767.398
Samtals sala á gistingu og veitingum	3.437.429	11.131.401

Skýringar

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	2.461.163	4.089.576
Mótframlag í lífeyrissjóð	315.849	489.615
Önnur launatengd gjöld	219.657	360.052
Áunnið orlof breyting	(193.750)	(71.268)
Annar kostnaður vegna starfsmanna	(68.514)	158.171
Stuðningur ríkisins vegna launa á uppsagnarfresti/Laun endurgreidd	(748.771)	(5.813)
Laun og launatengd gjöld alls	1.985.635	5.020.333

Fjöldi ársverka	368	705
-----------------------	-----	-----

8. Rekstrarkostnaður

Húsnæðiskostnaður

	2020	2019
Rekstur fasteigna	540.589	686.719

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður	413.129	769.223
-------------------------------	---------	---------

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

Þóknun vegna endurskoðunar	15.523	15.626
Þóknun vegna annarrar þjónustu	2.306	6.711

9. Afskriftir og virðisrýrnun

Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:

	2020	2019
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna (sbr. skýringu 13)	832.927	785.013
Afskriftir óefnislegra eigna (sbr. skýringu 13)	19.759	19.937
(Endurmat)/virðisrýrnun fasteigna fært í rekstrarreikning (sbr. skýringu 13)	197.224	(444.000)
Afskriftir af nýtingarrétti (sbr. skýringu 22)	457.334	444.865
	1.507.243	805.815

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Reikningsskilareglur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, þ.m.t. af bankainnstæðum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántöku og hreinum gengismun af erlendum gjaldmiðlum. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum eða byggingu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram af þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar.

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þess er færður í rekstrarreikningi. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2020	2019
Vaxtatekjur af handbæru fé	16.887	28.427
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	1.963	42
Aðrar vaxtatekjur	4.444	41.164
Fjármunatekjur alls	23.294	69.632

Skýringar

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld frh.

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2020	2019
Vaxtagjöld og verðbætur af vaxtaberandi skuldum	661.437	788.229
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	351.276	354.290
Hreinn gengismunur	183.703	31.023
Önnur fjármagnsgjöld	7.636	21.540
Fjármagnsgjöld alls	1.204.052	1.195.082

11. Tekjuskattur

	2020	2019
Tekjuskattur til greiðslu	0	47.980
Frestaður tekjuskattur	(542.392)	226.147
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(542.392)	274.127

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu vegna þátta sem færðir eru yfir aðra heildarafkomu á árinu:

	2020	2019
Tekjuskattur vegna hagnaðar af endurmati fasteigna	103.794	378.000
Tekjuskattur færður á aðra heildarafkomu	103.794	378.000

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2020	2019
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(2.697.571)	1.386.828
Reiknaður tekjuskattur		
m.v. gildandi skatthlutfall	20,0%	20,0%
Áhrif samstæðufélaga	(539.514)	277.366
Áhrif samstæðufélaga	0,0%	1,0%
Áhrif hlutdeildarfélagas	0	412
Áhrif gjaldfærðra vaxta til skatts	(3.417)	(10.990)
Aðrir liðir	851	(6.047)
Virkur tekjuskattur	20,1%	19,8%
	(542.392)	274.127

Tekjuskattsskuldbinding samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.052.599	3.920.858
Óefnislegar eignir	3.619	7.321
Leigugeign og skuldbinding	(60.271)	(30.729)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(24.264)	(26.586)
Niðurfærsla birgða	0	745
Gengismunur	(26.585)	(584)
Annað	426	426
Áhrif hagnaðar af sölu innan samstæðu	0	(37.982)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(517.459)	(2.521)
Tekjuskattsskuldbinding, nettó, í árslok	3.428.065	3.830.948

12. Hagnaður á hlut

Reikningsskilareglur

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hreinum hagnaði sem tilheyrir hluthöfum Íslandshótelu hf. með vegnu meðaltali almennra útistandandi hluta á árinu.

	31.12.2020	31.12.2019
Hagnaður (tap) sem tilheyrir hluthöfum Íslandshótelu hf. (í krónum)	(2.158.563)	1.109.091
Vegið meðaltali útistandandi hluta	593.649	593.649
Hagnaður á hlut (í krónum)	-3,64	1,87

Engir gerningar voru í gildi í árslok 2020 eða 2019 sem kynnu að hafa þynningaráhrif á hagnað á hlut.

Skýringar

13. Rekstrarfjármunir

Reikningsskilareglur

Tekjuberandi fasteignir samstæðunnar eru færðar á endurmetnu verði en aðrar fasteignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum ef við á. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Fjármagnskostnaður vegna nýbygginga er eignfærður.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Endurmetnar eignir eru færðar á gangvirði í árslok 2020. Gangvirðismat skal framkvæmt með reglubundnum hætti svo að bókfært verð sé ekki verulega frábrugðið gangvirði. Í lok hvers reikningsárs leggja stjórnendur mat á hvort gangvirði fasteigna sé verulega frábrugðið bókfærðu verði þeirra. Hækkun bókfærðs verðs vegna endurmats er fært í aðra heildarafkomu. Endurmatsreikningur meðal eigin fjár er leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé til jafns við árlega afskrift endurmats í rekstrarreikningi, en afskriftir í rekstrarreikningi munu hækka sem nemur afskriftum af endurmatshækkuninni. Endurmatshækkun skal færð í rekstrarreikning nema að því marki sem um er að ræða viðsnúning á áður færðri endurmatshækkun sem færa skal í aðra heildarafkomu.

Aðferðarfræði virðismats

Tekjuberandi fasteignir samstæðunnar voru endurmetnar miðað við 31. desember 2020. Virðismat var fengið frá óháðum sérfræðingi. Í virðismatinu er stuðst við núvirt sjóðstreymi. Sjóðstreymið er nettó leigutekjur, þ.a. heildar leigutekjur að frádregnum kostnaði við rekstur fasteignanna. Leigutekjur byggja á gildandi leigusamningum og upplýsingum úr áætlunum samstæðunnar. Rekstrarkostnaður fasteigna eru fasteignagjöld, lóðaleiga og vatns- og fráveitugjöld skv. gjaldskrá sveitarfélaga, tryggingar, stjórnunarkostnaður og viðhald. Endurmatið flokkast undir stíg 3 í gangvirðislíkani alþjóðlegra reikningsskilastaðla enda byggir það að verulegu leyti á upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Áhrif heimsfaraldursins eru tekin inn í verðmatslíkanið með spá um lækkun tekna á næstu 2 árum þar sem ekki hefur verið ákvarðað um endanlega lækkun leigutekna vegna óvissu um hvenær ferðaþjónustan mun taka við sér á nýjan leik. Sjá nánar í skýringu 26.

Forsendur notaðar í virðismatinu

Lykilforsendur við mat á gangvirðinu voru sem hér segir:

	2020	2019
Veginn fjármagnskostnaður (WACC)	6,40%	6,40%

Forsendur um fjármagnskostnað og ávöxtunarkröfu byggja annars vegar á upplýsingum um lánsfjáarkostnað fyrir sambærilegar eignir á markaði og hins vegar á almennri markaðsnálgun fyrir leigueignir á Íslandi.

Ef lykilforsendum gangvirðismatsins, þ.e. þeim forsendum sem listað er upp hér að ofan, yrði breytt myndi það leiða til breytinga á endurmati í samræmi við töfluna hér að neðan:

Næmigreining:

	2020		
	Breyting	Hækkun	Lækkun
Veginn fjármagnskostnaður (WACC)	+/- 0,5% (2.740.734)	3.218.193

Niðurstöður virðismats

Niðurstaða stjórnenda er að virði tekjuberandi fasteigna samstæðunnar er 34.376,6 millj.kr. Þrjár af tekjuberandi fasteignum samstæðunnar eru vanmetnar um 754,6 millj.kr. og fjórar eru ofmetnar um 433,0 millj.kr. Um er að ræða verulegan og varanlegan mun og eru eignirnar því færðar samkvæmt matinu en á móti á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár, að frádregnum tekjuskattsáhrifum, annarsvegar og á meðal afskrifta í rekstrarreikningi hinsvegar.

Skýringar

13. Rekstrarfjármunir frh.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki búnaður	Óefnislegar eignir	Samtals
2019				
Heildarverð 1.1.2019	37.393.037	2.521.030	124.357	40.038.425
Endurflokkun afskrifta	(2.800.976)	(288.096)	(2.745)	(3.091.817)
Heildarverð 1.1.2020	34.592.062	2.232.934	121.612	36.946.607
Afskrifað samtals 1.1.2019	(559.806)	(924.233)	(43.774)	(1.527.814)
Bókfært verð 1.1.2019	34.032.255	1.308.700	77.838	35.418.794
Viðbót á árinu	2.137.467	123.895	518	2.261.880
Sérstakt endurmat	2.334.000	0	0	2.334.000
Selt á árinu, heildarverð	(114)	(4.409)	0	(4.522)
Afskriftir og virðisrýrnun á árinu	(569.995)	(215.883)	(19.937)	(805.815)
Bókfært verð 31.12.2019	37.933.614	1.212.303	58.419	39.204.337
Heildarverð 31.12.2019	39.063.415	2.352.420	122.130	41.537.965
Afskrifað samtals 31.12.2019	(1.129.801)	(1.140.117)	(63.711)	(2.333.628)
Bókfært verð 31.12.2019	37.933.614	1.212.303	58.419	39.204.337
2020				
Heildarverð 31.12.2019	39.063.415	2.352.420	122.130	41.537.965
Endurflokkun afskrifta	5.388	0	0	5.388
Heildarverð 1.1.2020	39.068.803	2.352.420	122.130	41.543.353
Afskrifað samtals 31.12.2019	(1.129.801)	(1.140.117)	(63.711)	(2.333.628)
Afskrifað samtals 1.1.2020	(1.129.801)	(1.140.117)	(63.711)	(2.333.628)
Bókfært verð 1.1.2020	37.939.002	1.212.303	58.419	39.209.725
Viðbót á árinu	1.647.171	202.218	0	1.849.388
Endurflokkun afskrifta	18.148	0	0	18.148
Sérstakt endurmat	518.824	0	0	518.824
Selt á árinu, heildarverð	(38.608)	(21.138)	0	(59.746)
Afskriftir og virðisrýrnun á árinu	(825.846)	(204.305)	(19.759)	(1.049.910)
Bókfært verð 31.12.2020	39.258.690	1.189.078	38.661	40.486.429
Heildarverð 31.12.2020	41.196.189	2.533.500	122.130	43.851.819
Afskrifað samtals 31.12.2020	(1.937.499)	(1.344.422)	(83.470)	(3.365.390)
Bókfært verð 31.12.2020	39.258.690	1.189.078	38.661	40.486.429
Afskriftarhlutföll	0 - 3%	0 - 10%	10-25%	
<i>Bókfært verð án endurmats</i>				
Bókfært verð 1.1.2020	25.426.820	1.214.690	58.419	26.699.930
Bókfært verð 31.12.2020	26.073.051	1.189.078	38.661	27.300.790

Í árslok 2020 nam bókfært verð fasteigna og lóða 39.259,0 millj. kr. váttryggingarverðmæti 34.390,7 millj. kr. og fasteignamat 14.773,5 millj. kr. Bókfærða verðið skiptist annars vegar í tekjuberandi eignir sem nema 34.376,6 millj. kr. sem metnar eru á endurmetnu kostnaðarverði og hins vegar ótekjuberandi eignir sem nema 4.882,1 millj. kr. sem metnar eru á kostnaðarverði. Meðal ótekjuberandi eigna eru hótél og lóðir í byggingu og aðrar fasteignir samstæðunnar sem ekki eru nýttar undir hótélrekstur.

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingar fyrir rekstrareiningar í rekstri.

Skýringar

13. Rekstrarfjármunir frh.

Veðsetningar

Félagið hefur veðsett rekstrarfjármuni félagsins til tryggingar langtímalánum félagsins. Bókfært verð veðsettra rekstrarfjármuna í árslok er 39.258.689 þús.kr. (2019: 37.939.003 þús. kr.)

Fasteignir í byggingu

Eignfærður kostnaður á árinu vegna byggingar á fasteignum er 1.359.611 þús. kr. (2019: 2.137.467 þús kr.).

Eignfærður fjármagnskostnaður

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði nýbygginga eru eignfærð á byggingartíma.

Eignfærður fjármagnskostnaður á árinu 2020 vegna nýbygginga er 107.809 þús. kr. (2019: 160.366 þús kr.). Eignfærðir eru greiddir vextir af lánsfé sem að nýttir eru til fjármögnunar nýbygginga.

14. Eignarhlutar í öðrum félögum

Reikningsskilareglur

Önnur félög

Eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Mótttekinn arður er færður til tekna við úthlutun.

15. Verk í vinnslu, lóð og byggingaréttur

Reikningsskilareglur

Verk í vinnslu eru metin á kostnaðarverði eða söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð verka í vinnslu innifelur kostnað sem fellur til við verk í vinnslu og kostnað við að koma eignunum á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi að viðbættum fjármagns- og tengdum kostnaði. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja eignina.

Lóð og byggingaréttur eru færð til eignar sem verk í vinnslu, meðal fastafjármuna.

Lóð og byggingaréttur greinist þannig:

2020

Bókfært verð 1.1.2020	1.153.907
Viðbót á árinu	30.446
Bókfært verð 31.12.2020	<u>1.184.353</u>

2019

Bókfært verð 1.1.2019	927.598
Viðbót á árinu	226.309
Bókfært verð 31.12.2019	<u>1.153.907</u>

Félagið hefur veðsett lóð og byggingarétt til tryggingar á langtímalánum félagsins.

Skýringar

16. Viðskiptakröfur

Reikningsskilareglur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Samstæðan innleiddi í ársbyrjun 2018 IFRS 9 sem setur fram nýtt virðisrýrnunarlíkan fyrir fjáreignir. Mat á niðurfærslu krafna í árslok 2020 tekur mið af líkaninu. Nánari upplýsingar varðandi mat á niðurfærslu krafna má finna í skýringu 21 í umfjöllun um útlánaáhættu.

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	2020	2019
Niðurfærsla í ársbyrjun	169.683	191.588
Endanlega afskrifað	(48.361)	(21.905)
Breyting niðurfærslu á árinu	(23.578)	0
Niðurfærsla í árslok	<u>97.744</u>	<u>169.683</u>

17. Handbært fé

Reikningsskilareglur

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf sem eru á gjalddaga innan 90 daga frá kaupdegi og lítil óvissa er um verðmæti þeirra.

Handbært fé samanstendur af:

	31.12.2020	31.12.2019
Sjóður og bankainnstæður lausar innan þriggja mánaða	432.659	2.055.974

Handveð er veitt í handbæru fé til tryggingar á greiðslu húsaleigu. Tryggingar á árinu 2020 námu 36.951,6 þús. kr. vegna greiðslu húsaleigu, (2019: 85.643 þús kr. vegna greiðslu húsaleigu).

18. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 643,7 millj. kr. þar af eru 50,0 millj. kr. í eigu félagsins eða 8%. Allir útistandandi hlutir hafa verið greiddir inn til félagsins. Hver hlutur nemur einni krónu og eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu á hluthafafundum. Handhafar hlutabréfa eiga rétt á arði samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.

Hlutfé félagsins greinist þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins	643.649	643.649
Hlutfé í eigu félagsins	(50.000)	(50.000)
Hlutfé samkvæmt ársreikningi	<u>593.649</u>	<u>593.649</u>

Yfirverð hlutafjár

Yfirverð hlutafjár eru fjárhæðir sem hafa verið greiddar félaginu umfram nafnverð hluta (1 kr. per hlut) þegar félagið var stofnað eða hlutfé þess hækkað að frádregnum kostnaði af stofnun félagsins eða hækking hlutafjárins.

Skýringar

18. Eigið fé frh.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal leggja að minnsta kosti 10% af hagnaði samstæðunnar, sem er ekki varið til að mæta tapi frá fyrri árum og fer ekki í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% af hlutafé. Þegar því marki hefur verið náð skal framlag í sjóðinn nema að lágmarki 5% af hagnaði þar til lögbundinn varasjóður nemur 25% af hlutafé samstæðunnar.

Sérstakt endurmat

Endurmatsreikningur samstæðunnar samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar samhliða af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé. Endurmatsreikningurinn er bundinn sem þýðir að óheimilt er að úthluta arði til hluthafa út á hann.

Bundið eigið fé dótturfélaga

Samkvæmt lögum um ársreikninga ber félögum að færa hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélagum umfram því sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár. Reglan gildir frá 1. janúar 2016.

Óráðstafað eigið fé

Hagnaður (tap) ársins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé. Upplausn endurmats er færð til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

19. Langtímaskuldir

Reikningsskilareglur

Langtímaskuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtagjöld og lántökukostnaður eru innleyst í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Vegnir vextir	31.12.2020	31.12.2019
Óverðtryggðar skuldir í krónum	3,09%	14.021.612	13.216.253
Gengistryggðar skuldir í evrum	2,70%	1.811.508	1.565.497
Verðtryggðar skuldir í krónum	3,96%	3.476.692	3.424.051
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir		19.309.812	18.205.801
Lántökukostnaður		(28.953)	(28.953)
Næsta árs afborganir		(431.425)	(761.566)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		18.849.435	17.415.283

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör langtímalána samstæðunnar í árslok 2020, en kunna að breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á lánamörkuðum.

Skýringar

19. Langtímaskuldir frh.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu árum:

	31.12.2020	31.12.2019
Árið 2021/2020	431.425	761.566
Árið 2022/2021	1.437.358	3.014.032
Árið 2023/2022	1.225.719	1.081.225
Árið 2024/2023	717.738	590.868
Árið 2025/2024	695.222	582.408
Síðar	14.802.351	12.175.703
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>19.309.812</u>	<u>18.205.801</u>

Félagið hefur framlengt lánnum félagsins þangað til í júlí 2021 og viðskiptabanki félagsins hefur fallið frá fjárhagslegum kvöðum til og með 31.12.2021. Ógreiddum afborgunum og vöxtum verður bætt við höfuðstól lána og lánstími lengist sem nemur niðurfelldum greiðslum afborganna. Auk þess sem skuldabréfaeigendur IH 140647 samþykktu 28. ágúst 2020 skilmálabreytingu og undanþágu frá fjárhagslegum kvöðum til og með 30. júní 2021.

Samstæðan hefur veðsett varanlega rekstrarfjármuni til tryggingar á langtímalánum sínum. Sjá nánar í skýringu 13.

20. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir samanstanda af:

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir	10.524	3.859
Ógreidd laun og tengd gjöld	393.587	495.758
Ógreitt orlof og starfsmannakostnaður	222.581	480.822
Ógreiddir áfallnir vextir	181.544	45.288
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	0	66.000
Ógreiddur virðisaukaskattur	39.468	40.182
Fyrirframinnheimtar tekjur	135.059	28.655
Ógreiddur gistináttaskattur	4.175	16.004
Ógreiddar aðrar skuldir	28.334	6.195
	<u>1.015.271</u>	<u>1.182.762</u>

21. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Stjórn Íslandshótelu hf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Áhættustefna samstæðunnar var samþykkt á stjórnarfundum þann 29. maí 2019. Áhættustefnan skilgreinir helstu fjárhags- og rekstrar áhættur og hefur stjórn falið framkvæmdastjóra umsjón með daglegri áhættustýringu.

Markmið samstæðunnar með áhættustefnu er að greina og skýra þá áhættu sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni, þannig að félagið sé betur í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart hluthöfum, starfsmönnum, fjárfestum, lánveitendum og öðrum hagsmunaaðilum.

Yfirlit

Starfsemi samstæðunnar felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:

- Áhætta tengd atvinnugreininni
- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta
- Gjaldmiðlaáhætta
- Rekstraráhætta

Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með áhættustefnunni er gert ráð fyrir reglubundnu og öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Skýringar

21. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Áhætta tengd atvinnugreininni

Sala á gistingu og veitingum til erlendra ferðamanna er langstærsti tekjuliður félagsins. Verulegur eða varanlegur samdráttur í komu ferðamanna myndi hafa neikvæð áhrif á tekjur og hagnað félagsins. Samdráttur í komu ferðamanna nam 76% á milli árána 2019 og 2020.

Gistitekjur sem hlutfall af tekjum félagsins Covid árið 2020 voru 58% samanborið við 64% árið 2019. Tekjur af veitingum og ráðstefnuhlutanum Covid árið 2020 er 36% samanborið við um 33% árið 2019.

Hlutfall erlendra gesta er að jafnaði um 95% og er félagið því verulega háð samgöngum til og frá landinu. Árið 2020 sker sig úr þar sem landið var nánast lokað frá 1. apríl og var hlutfall erlendra gesta um 60%.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af viðskiptakröfum.

Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina. Um 27,5% (31.12.2019: 46,2%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 10 stærstu viðskiptakrafna félagsins. Þar af nam staða hæstu viðskiptakröfu um 6,8% (31.12.2019: 8,0%) af heildarfjárhæð útistandandi krafna.

Félagið vinnur að fastmótun á reglum um lánsviðskipti. Þeir viðskiptavinir félagsins sem eru í samningsviðskiptum eru með lánaþingreiðslu. Þungi viðskipta hjá samstæðunni er greiddur með kreditkortu eða staðgreiddur. Útistandandi hjá viðskiptavinum sem hlutfall af heildarveltu nam 31.12.2020 um 5,2% og 31.12.2019 um 6,2%.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum almenn niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Almenn niðurfærsla er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Krafa er færð sértækri niðurfærslu ef mat stjórnenda er að verulegar líkur séu á að hún fái ekki greidd.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra.

	Bókfært verð	
	2020	2019
Viðskiptakröfur	80.620	479.472
Kröfur á tengda aðila	42.823	52.638
Aðrar kröfur	179.718	62.409
Handbært fé	432.659	2.055.974
Samtals	735.820	2.650.492

Rekstur félagsins miðast við að þungi viðskiptanna er staðgreiddur eða greiddur með kreditkortu. Gæði útistandandi krafna hafa verið góð og í undantekningartilvikum hefur þurft að nýta lögfræðinnheimtu. Samstæðan færir ekki niðurfærslu vegna handbærs fjárs og vegna annarra krafna þar sem tapsáhætta er lítil og vænt útlánatap nemur óverulegum fjárhæðum.

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Samstæðan vinnur með virðisrýrnunarlíkan í samræmi við kröfur IFRS 9. Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfölduðu virðisrýrnunarlíkanu í samræmi við IFRS 9. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu félagsins, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn.

Skýringar

21. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna (mat samkvæmt IFRS 9).

31.12.2020	Vænt útlánatap (almenn niðurf.)	Nafnverð kröfu	Almenn niðurfærsla	Sértæk niðurfærsla	Bókfært verð
Dagar framyfir gjalddaga					
Ógjaldfallið	0,0%	89.759	0	0	89.759
<30	5,0%	3.617	(181)	0	3.436
31-90	5,5%	5.761	(317)	0	5.444
91-120	6,3%	4.634	(290)	0	4.344
>120	75,0%	74.593	(50.050)	(46.906)	(22.364)
Samtals		178.364	(50.837)	(46.906)	80.620

31.12.2019	Vænt útlánatap (almenn niðurf.)	Nafnverð kröfu	Almenn niðurfærsla	Sértæk niðurfærsla	Bókfært verð
Dagar framyfir gjalddaga					
Ógjaldfallið	0,0%	254.953	0	0	254.953
<30	5,0%	89.343	(4.467)	0	84.876
31-90	5,5%	55.422	(3.048)	0	52.373
91 og eldra	6,3%	73.906	(4.619)	0	69.287
>120	75,0%	175.530	(131.648)	(25.901)	17.982
Samtals		649.155	(143.782)	(25.901)	479.472

Lausafjáraætta

Lausafjáraætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf handbært laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Endurgreiðslutími nýrra langtímalána er að jafnaði 25 til 30 ár. Afborganir eru jafnar afborganir sem greiddar eru mánaðarlega. Framkvæmdalán til nýbygginga er að jafnaði til 2 til 4 ára og er þeim breytt í langtímalán til 25 ára þegar framkvæmdatíma lýkur. Vextir eru greiddir mánaðarlega af framkvæmdarlánnum.

Samstæðan hefur tryggt sér lánalínu hjá viðskiptabanka til þess að tryggja lausafé félagsins.

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum, ónúvirtar, að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum, miðað við vísitölu og gildandi vaxtakjör í árslok greinast þannig:

Þann 31. desember 2020:	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	Innan tveggja ára	Innan fimm ára	Eftir meira en 5 ár
Langtímalán	19.924.029	1.046.441	1.437.358	2.638.678	14.801.551
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.036.780	2.036.780	0	0	0
	21.960.809	3.083.221	1.437.358	2.638.678	14.801.551
Þann 31. desember 2019:	Umsamið sjóðstreymi	Innan árs	Innan tveggja ára	Innan fimm ára	Eftir meira en 5 ár
Langtímalán	18.205.801	761.566	3.014.032	2.254.501	12.175.703
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.780.716	1.780.716	0	0	0
	19.986.517	2.542.281	3.014.032	2.254.501	12.175.703

Skýringar

21. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Bókfært verð fjárskulda greinist þannig:

	2020	2019
Langtímalán	19.309.012	18.205.801
Efurstöðvar eignfærðs lántökukostnaðar	(28.153)	(28.953)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.036.780	1.780.716
Samtals	<u>21.317.639</u>	<u>19.957.564</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta stafar af breytingum á markaðsverði, svo sem gjaldmiðlagengi og vaxtastigi, sem hefur áhrif á sjóðstreymi samstæðunnar eða virði fjármálagreininga samstæðunnar.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar hlýst af greiðsluflæði, eignum og skuldum sem og af öllum almennum viðskiptum í öðrum myntum en starfrækslumynt.

Starfrækslumynt félaga í samstæðunni er íslensk króna og myndast gjaldmiðlaáhætta af sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en íslenskri krónu.

Öll viðskipti samstæðunnar í erlendum myntum mynda gjaldmiðlaáhættu. Við mat á gjaldmiðlaáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörshættu. Markmiðið er að stýra gjaldmiðlaáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innkaupa er af innlendum birgjum, en þungi sölunnar er í EUR. Sala samstæðunnar í EUR er um 39,6% og ISK um 58,5% aðrar myntir vega mun minna (2019: 55,1% EUR; 42% ISK).

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu samstæðunnar eftir myntum. Gjaldmiðlaáhætta vegna peningalegra eigna og skulda var eftirfarandi í árslok:

2020	ISK	EUR	Aðrir	
			gjaldmiðlar	Samtals
Viðskiptakröfur	31.697	48.923	0	80.620
Handbært fé	417.186	15.411	62	432.659
Viðskiptaskuldir	(901.194)	(37.927)	(22)	(939.143)
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>(452.311)</u>	<u>26.407</u>	<u>40</u>	<u>(425.864)</u>

2019	ISK	EUR	Aðrir	
			gjaldmiðlar	Samtals
Viðskiptakröfur	259.727	94.728	125.017	479.472
Handbært fé	1.979.012	75.683	1.278	2.055.974
Viðskiptaskuldir	(496.954)	(40.102)	(3.213)	(540.269)
Áhætta í efnahagsreikningi	<u>1.741.785</u>	<u>130.309</u>	<u>123.082</u>	<u>1.995.177</u>

Gengi helstu gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu var eftirfarandi:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2020	2019	31.12.2019	31.12.2018
EUR	154,52	137,30	156,10	135,83

Skýringar

21. Stýring fjárhagslegrar áhættu frh.

Næmigreining:

Breyting á gengi íslensku krónunnar í árslok um 10% gagnvart eftirtöldum myntum hefði breytt hagnaði (tapi) og eigin fé um eftirfarandi fjárhæðir fyrir tekjuskatt. Greiningin nær aðeins til peningalegra eigna og skulda og gerir ráð fyrir að allar aðrar breytur, þ.m.t. vextir, haldist óbreyttar.

	Afkoma / Eigið fé	
	Styrking	Veiking
2020		
EUR	(2.641)	2.641
Aðrar myntir	(4)	4
2019		
EUR	(13.031)	13.031
Aðrar myntir	(12.308)	12.308

Vaxtaáhætta

Félagið býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið við að eiga ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins eru verðtryggt, óverðtryggt og lán í EUR. 84,3% hluti skulda félagsins ber fljótandi vexti, en 15,7% hluti skulda félagsins ber fasta vexti. Fyrir 1% hækkun eða lækkun vaxta hækkar eða lækkar vaxtakostnaður félagsins um 193,1 millj kr.

Verðbólguáhætta

Félagið er með verðtryggt lán upp á 3.261,0 þús.kr. Höfuðstóll lánanna breytist í takt við breytingu á vísitölu neysluverðs hverju sinni.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi samstæðunnar, vinnu starfsmanna hennar, tækni og skipulagi og ytri þáttum öðrum en markaðs-, lausafjár- og útlánaáhættu, svo sem vegna breytinga á lögum og almennum viðhorfum til stjórnarháttanna fyrirtækja. Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi samstæðunnar.

Samstæðan býr við rekstraráhættu tengd komu erlendra ferðamanna til landsins meðal annars vegna fækkunar flugfélaga sem bjóða flug til Íslands, verkfalla, gjaldþrota flugfélaga, heimsfaraldra og náttúruhamfara.

Það er stefna samstæðunnar að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír hennar jafnframt því að starfsreglur takmarki ekki frumkvæði starfsmanna. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á videigandi aðskilnaði starfa, haft eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög, unnið reglulegt mat á áhættu, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á. Hluti af því að draga úr áhættu er námskeiðahald þar sem starfsmenn fá videigandi þjálfun tengda störfum þeirra fyrir samstæðuna. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

22. Leigusamningar - samstæðan sem leigutaki

Reikningsskilareglur

Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslu breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Skýringar

22. Leigusamningar - samstæðan sem leigutaki frh.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingarréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Samstæðan nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustupáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti. Samstæðan er með fasteignir á leigu í árslok 2020 og námu leiguskuldbindingar 7.374,3 m.kr í árslok 2020. Óverulegar breytingar hafa orðið á leiguskuldbindingum samstæðunnar á tímabilinu.

Nýtingarréttur	Fasteignir	Lóðir	Samtals
Staða 1. janúar 2020	6.960.963	309.491	7.270.454
Verðbætur af leiguskuldbindingu	248.006	9.661	257.666
Viðbætur vegna nýrra samninga	0	2.136	2.136
Afskriftir	(451.018)	(6.316)	(457.334)
Staða 31. desember 2020	<u>6.757.951</u>	<u>314.972</u>	<u>7.072.923</u>
Leigutími	1 - 25	48	

Leigugreiðslur samstæðunnar færðar til gjalda á árinu 2020 vegna skammtímaleigu sem falla ekki undir gildissvið IFRS 16 eru 9,7 milljónir króna.

Upphæðir færðar í rekstrarreikning	2020	2019
Afskriftir af nýtingarrétti	457.334	444.865
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	<u>351.276</u>	<u>354.290</u>
Samtals gjaldfært á árinu	808.610	799.155

Leiguskuldbinding	31.12.2020	31.12.2019
Skráð 1. janúar 2020	7.436.697	7.510.938
Verðbætur af leiguskuldbindingu	257.649	204.382
Viðbætur vegna nýrra samninga	2.136	0
Afborgun	(322.207)	(278.622)
Staða 31. desember 2020	<u>7.374.276</u>	<u>7.436.697</u>
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	(341.274)	(319.426)
Leiguskuldbinding meðal langtímaskulda í árslok	7.033.001	7.117.271

Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur:	31.12.2020	31.12.2019
Innan árs	683.517	662.684
Eftir ár en innan 5 ára	2.725.815	2.628.834
5 ár og síðar	<u>4.808.169</u>	<u>7.661.984</u>
	8.217.500	10.953.502

Skýringar

23. Tengdir aðilar

Reikningsskilareglur

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar með veruleg áhrif, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag tengd þeim. Viðskipti við tengda aðila byggja á armslengdargrunni.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárhæðir viðskipta við tengda aðilar og stöður á viðeigandi reikningsskiladegi:

		Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengdum aðilum	Kröfur á tengda aðila	Skuldir við tengda aðila
Móðurfélag	2020	9.296	9.341	2.478	0
	2019	5.027	9.722	521	0
Lykilstjórnendur	2020	536	335	303	5.982
	2019	0	326	99	5.881
Systurfélög	2020	29.056	225.517	40.042	78.917
	2019	318.710	151.713	52.017	3.824

Eftirfarandi tafla sýnir lán til (frá) tengdra aðila og innheimta (greidda) vexti á árinu:

		Innheimtir (greiddir) vextir	Lán til (frá) tengdra aðila
Móðurfélag samstæðunnar	2020	0 (2.478)
	2019	0	521
Lykilstjórnendur samstæðunnar	2020	0 (5.679)
	2019	0 (5.781)

Engar frekari ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum.

Laun og hlunnindi lykilstjórnenda samstæðunnar:

Greiðslur til lykilstjórnenda samstæðunnar greinast þannig:

	2020	2019
Laun og hlunnindi	68.150	67.543
Mótframlag í lífeyrissjóð	8.812	8.735
Greiðslur til lykilstjórnenda samtals	76.961	76.278

Lykilstjórnendur eru stjórn, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri.

24. Grundvöllur samstæðu

Reikningsskilareglur

Dótturfélög:

Dótturfélög eru þau félag sem félagið fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðaréttar sem er nýtanlegur eða breytilegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast þar til þeim lýkur.

Viðskipti felld út úr samstæðunni:

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur og gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli þeirra eru felld út úr samstæðureikningnum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisýrnunar eignanna.

Skýringar

24. Grundvöllur samstæðu frh.

Félög í samstæðu

Eignarhlutar í dótturfélögum skipt upp eftir aðalstarfsemi greinast þannig:

	Eignarhluti (%)	
	31.12.2020	31.12.2019
Hótelrekstur:		
Fosshótel Reykjavík ehf. Reykjavík	100%	100%
Fasteignarekstur:		
Helgaland ehf. Reykjavík	100%	100%
Höfuðborgareignir ehf. Reykjavík	100%	100%
Suðureignir ehf. Reykjavík	100%	100%
Vestureignir ehf. Reykjavík	100%	100%
Norðureignir ehf. Reykjavík	100%	100%
Aðalstræti 100 ehf. Patreksfirði	60%	60%

Íslandshótel hf. er í ábyrgð að fjárhæð 1.196 millj. kr. fyrir þrjú dótturfélög.

Íslandshótel hf. er dótturfélag ÓDT Ráðgjafar ehf., Reykjavík.

25. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2020. Sjá nánar í skýringu 26.

26. Önnur mál til upplýsingar

Ljóst er að heimsfaraldurinn Covid-19 hefur haft veruleg og óvænt áhrif á efnahagskerfi alls heimsins, svo ekki sé talað um ferðaþjónustuna. Hafa nær öll ríki hins vestræna heims gripið til þeirra mest íþyngjandi úrræða sem þeim er unnt m.a. með því að setja á útgöngubönn, loka landamærum, skólum, stofnunum og jafnvel fyrirtækjum. Hefur nær allt farþegaflug bæði á Vesturlöndum og öðrum heimshlutum legið niðri og hafa þjóðir mátt þola nokkrar bylgjur faraldursins á árinu 2020. Heimsbyggðin hefur nú tekist á við ástand og verkefni sem eiga sér ekki hliðstæðu nema e.t.v. í seinni heimstyrjöldinni.

Við þessar fordæmalausu aðstæður má ljóst vera að hótelrekstur, sem þrífst nær alfarið á þeirri forsendu að ferðamenn komi til landsins, hefur þurft að grípa til fordæmalausra aðgerða. Íslandshótel hafa verið svipt nær öllum tekjum sínum af erlendum ferðamönnum frá því í apríl 2020. Stjórn og framkvæmdastjórn félagsins hafa því gripið til umfangsmikilla ráðstafana og mótvægisáðgerða til að tryggja rekstur félagsins. Meðal annars með uppsögnum starfsmanna, lækkun kostnaðar, tilboðum til Íslendinga til að þess að ná inn tekjum á innanlandsmarkaði og almennri endurskipulagningu rekstrar auk þess að nýta sér úrræði ríkisstjórnar landsins um efnahagslega aðstoð eins og hlutabótaleið og fleira. Þá hefur félagið jafnframt leitað úrræða hjá viðskiptabanka sínum, sem felst í aðgangi að lánalínu, undanþágu frá fjárhagslegum skilmálum, framlengingu lánasamninga og auknu aðgengi að lausafé. Stjórn Íslandshótela staðfestir að félagið uppfyllir þau skilyrði sem Alþingi setti og lúta að þeim úrræðum sem félagið nýtir og eru í ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs krónuveirunnar, þar með talið skilyrði um bann við útgreiðslu arðs til hluthafa. Skuldabréfaeigendur IH 140647 samþykktu 28. ágúst 2020 skilmálabreytingu og undanþágu frá fjárhagslegum kvöðum til og með 30. júní 2021.

Áhættustefna Íslandshótela tekur mið að atburði sem þessum sem endurspeglast í því að stærsta og helsta áhætta félagsins er að ferðamenn komi ekki til landsins. Gripið var strax í febrúar til varna og úrbóta hjá félaginu í samræmi við áhættumat félagsins. Viðbragð og vinna framkvæmdastjórnar og stjórnar félagsins hefur markast af þessum atburði. Virðismat eigna hefur verið skoðað sérstaklega og eru niðurstöður matsins þær að virðisrýrnun er ekki til staðar umfram þá virðisrýrnun sem færð er niður samkvæmt virðismatslíkani fasteigna félagsins, sjá nánar í skýringu 13.

Stjórn félagsins telur að með þeim aðgerðum og úrræðum sem gripið hefur verið til sé rekstrarhæfi samstæðunnar tryggt og samstæðan hafi fjárhagslegan styrk til að takast á við samdrátt á þessum óvissutímum.

Skýringar

26. Önnur mál til upplýsinga frh

Fosshótel Reykjavík hefur verið lokað síðan Covid-19 skall á eða frá 1. apríl 2020. Þann 16. mars 2021 gekk dómur héraðsdóms í máli nr. E-2261/2020; Fosshótel Reykjavík ehf. gegn Íþöku fasteignafélagi ehf. og Íslandsbanka. Dómurinn sýnir kröfu um staðfestingu lögbanns sem sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu lagði á útgreiðslu bankaábyrgðar vegna leigugreiðslna þann 23. júní 2020. Meginniðurstaða fjölskipaðs dóms var hins vegar að lækka leigugreiðslur Fosshótel Reykjavík ehf. um helming fyrir tímabilið 1. apríl 2020 til 31. mars 2021. Ógreidd leiga Fosshótel Reykjavíkur er meðal skammtímaskulda og er leiguskuld samkvæmt dómsniðurstöðu nánast öll í skilum á áritunardegi ársreiknings. Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað til æðra dómstigs. Fosshótel Reykjavík fékk heimild til fjárhagslegrar endurskipulagninar þann 31. mars 2021 samkvæmt lögum 57/2020 um fjárhagslega endurskipulagningu/greiðsluskjól.

27. Helstu kennitölur

Helstu kennitölur ársins eru:

	2020	2019
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir	(9.569)	3.320.150
Veltufé (til) frá rekstrar	(27.533)	3.318.092
Veltufjárhlutfall	0,3	1,0
Eiginfjárhlutfall	35,0%	38,0%

28. Samantekt á öðrum mikilvægum reikningsskilaaðferðum

Meðfylgjandi eru helstu reikningsskilareglur aðrar en þær sem þegar hefur verið skýrt frá með viðeigandi liðum framfar í ársreikningi þessum.

a. Verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2020. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikningi.

Vísitölur í árslok;	31.12.2020	31.12.2019
Vísitala neysliverðs	489,3	472,8

b. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur allan kostnað við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana.

c. Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega færðar á þeim degi sem samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins. Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald.

Fjáreignir

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru viðskiptakröfur, kröfur á tengda aðila, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Eignarhlutir í öðrum félögum þar sem félagið hefur hvorki yfirráð né veruleg áhrif eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Samstæðan afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstremis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

Viðauki - óendurskoðaður

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Íslandshótel er eining tengd almannahagsmunum. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf skal veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins.

Um Íslandshótel

Íslandshótel er ferðaþjónustufyrirtæki í eigu ÓDT Ráðgjafar ehf. og S38 slhf. Félagið er leiðandi í ferðaþjónustu og rekur 17 hótél hringinn í kringum Ísland.

Meginstarfsemi félagsins er hótélgisting og auk þess er veitingareksturs á hótélunum. Dótturfélög Íslandshótela eiga og reka 15 af þeim fasteignum þar sem hótél félagsins eru starfrækt.

Markmið Íslandshótela er að veita framúrskarandi þjónustu þar sem vörur og þjónusta uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Þjónustuloforð Íslandshótela er: Við erum jákvæð, persónuleg, lausnarmiðuð og fagleg

Stjórn félagsins samþykkti 29. maí 2019 áhættustefnu fyrir Íslandshótel og dótturfélög. Markmið með áhættustefnu Íslandshótela er að greina helstu áhættur í rekstri og meta áhættur félaganna. Auk þess að leggja fram viðbragðsáætlun um hvenær og hvernig bregðast skal við þeim atburðum og tilvikum sem upp kunna að koma. Lykiláhætta félagsins er koma ferðamanna til landsins þar sem tekjur frá innanlandsmarkaði er aðeins lítill hluti tekna félagsins.

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur haft veruleg áhrif á ferðaþjónustuna um heim allan og markast rekstur Íslandshótela af aðstæðum sem ríkja í ferðaþjónustuna á hverjum tíma.

Samfélagið

Íslandshótel leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og er stoltur aðili að FESTA, miðstöð um samfélagslega ábyrgð, og er bakhjarl í hvatningarverkefninu, Ábyrg ferðaþjónusta. Hlutverk Festu er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á sviði samfélagslegrar ábyrgðar.

Íslandshótel er einnig aðili að Savetravel sem miðar að því að upplýsa ferðamenn á Íslandi með mikilvægum hætti í þeim tilgangi að draga út áhættusamri hegðun, auka slysavarnir og tryggja örugg og þægileg ferðalög. Savetravel er slysavarnarverkefni á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sem miðar að því að koma upplýsingum um öryggi á ferðalögum til ferðalanga á Íslandi.

Íslandshótel leggja metnað sinn í að sinna samfélagslegri ábyrgð og veita styrki til málefna og eru umhverfis-, forvarnar- og líknarmál þar fremst í flokki. Á heimasíðu félagsins www.islandshotel.is má finna upplýsingar um helstu málefni sem félagið hefur stvrt á undanförunum árum.

Umhverfið

Íslandshótel hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem fram kemur að félagið bjóði upp á umhverfisvæna hótél- og ráðstefnuþjónustu á hótélum sínum um land allt, lögð er áhersla á gott aðgengi fyrir alla og að þjónustan henti öllum. Á heimasíðu félagsins, www.islandshotel.is má sjá Umhverfisstefnu Íslandshótela.

Íslandshótel hefur unnið markvisst að vottun fyrir hótél- og veitingarekstur sinn. Hótél og veitingastaðir Íslandshótela starfa samkvæmt hótél- og umhverfivottun Vakans. Grand Hótél er með umhverfivottun Svansins, auk lífrænnar vottunar frá Tún.

Spilling og mútur

Íslandshótel ber virðingu fyrir þeim áhrifum sem félagið hefur á samfélagið og hagsmunaaðila. Eitt af gildum Íslandshótela er heiðarleiki og með því viljum við sýna virðingu, trúnað og heilindi í störfum sem og verkum okkar. Félagið leggur áherslu á að stunda ábyrga viðskiptahætti í samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn og aðra. Starfsmönnum félagsins er óheimilt að veita eða þiggja mútur og ber að tilkynna um slíkt misferli.

Viðauki - óendurskoðaður

Starfsfólk

Íslandshótel hefur markað sér stefnu í starfsmannamálum þar sem lögð er áhersla á skipulagða starfsþróun, jafnréttis- og forvarnarmál. Meginmarkmið Íslandshótela í mannauðsmálum er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem hefur á að skipa ánægðu og árangursdrifnu starfsfólki, sem að veitir framúrskarandi þjónustu. Íslandshótel hafa sett sér eftirtaldar stefnu er varðar starfsmannamál félagsins:

- Starfsmannastefna
- Starfsþróunarstefna
- Forvarnarstefna
- Jafnréttisstefna og áætlun um jafnréttindi
- Launastefnu
- Jafnlaunastefnu
- Stefnu- og viðbragðsáætlun við einelti og kynferðislegu áreitni
- Starfskjarastefnu
- Ejarvistastefnu
- Gæðastefnu

Íslandshótel hlaut jafnlaunavottun frá Jafnréttisstofu árið 2019.

Íslandshótel hlaut Menntaverðlaun ársins 2020.

Starfsfólk Íslandshótela starfar samkvæmt gildunum: Heiðarleiki, fagmennska, samvinna og kjarkur

Stjórnarháttayfirlýsing 2020

Stjórn Íslandshótel hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og taka stjórnarhættir félagsins mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum um ársreikninga nr. 3/2006, og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa) sem finna má á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið er með skuldabréf skráð í kauphöll og fylgir þeim reglum sem gilda um skráð félög, auk þeirra ákvæða sem fram koma í samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda. Ekki hefur verið úrskurðað um nein brot félagsins á lögum og reglum af viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum.

Stjórn hefur skipað eina undirnefnd, endurskoðunarnefnd. Í endurskoðunarnefnd eru þrír nefndarmenn kjörnir af stjórn. Tveir nefndarmanna koma úr röðum stjórnarmanna félagsins en sá þriðji er utanaðkomandi aðili með fagþekkingu sem löggiltur endurskoðandi.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer skv. samþykktum félagsins. Þeim til viðbótar hefur stjórn sett sér starfsreglur þar sem kemur fram ábyrgð stjórnarmanna, meginhlutverk stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi þann 3. mars 2021.

Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir um rekstur félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Stjórn, í samráði við endurskoðunarnefnd, skal árlega framkvæma úttekt á innra eftirliti og áhættustýringu félagsins og grípa til aðgerða til að bæta úr annmörkum ef þörf krefur.

Stjórn félagsins samþykkti 29. maí 2019 áhættustefnu fyrir Íslandshótel og dótturfélög. Markmið með áhættustefnunni er að greina og meta áhættur félagsins auk þess að leggja fram viðbragðsáætlun um hvenær og hvernig bregðast skulu við þeim atburðum og tilvikum sem upp kunna að koma.

Stjórn metur störf sín, verklag og starfshætti, frammistöðu framkvæmdastjóra og stjórnarformanns, þróun félagsins, óhæði stjórnarmanna og skilvirkni undirnefndar á hverju ári í aðdraganda aðalfundar.

Frá aðalfundi 2020 voru haldnir 12 stjórnarfundir, auk óformlegra upplýsingafund vegna heimsfaraldurs Covid-19. Tóku allir stjórnarmenn þátt í öllum stjórnarfundum tímabilsins, utan eins fundar þar sem einn stjórnarmaður boðaði forföll. Mánaðarlegt rekstraryfirlit er lagt fyrir á hverjum stjórnarfundi. Fimm fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd félagsins. Voru allir nefndarmenn mættir á alla fundina.

Samskipti hluthafa og stjórnar fara fram á hluthafafundum. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrimælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnarmenn gæta trúnaðar í störfum sínum og veita hluthöfum ekki upplýsingar um félagið nema slíkt sé kynnt á vettvangi stjórnar. Hafa engin slík samskipti við hluthafa átt sér stað á árinu. Jafnræðis er ávallt gætt í upplýsingagjöf til hluthafa.

Félagið hefur sett sér stefnur í starfsmannamálum, gæðamálum, persónuverndarmálum, jafnlaunastefnu og áhættustefnu.

Íslandshótel hf. eiga 7 dótturfélög og eru stjórnir þeirra ábyrgar fyrir rekstri dótturfélaganna. Í stjórnnum dótturfélaga eru þrír stjórnarmenn, sem allir eiga sæti í stjórn Íslandshótela.

Í stjórn Íslandshótela eru fimm stjórnarmenn, allir kosnir á aðalfundi félagsins. Þau eru Ólafur D. Torfason, stjórnarformaður, Margit Robertet, Bragi Ragnarsson, Eiríkur S. Svavarsson og Ásta M. Sívertsen.